

Samningur um þjónustu á sviði starfsendurhæfingar milli VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs og heilbrigðisstarfsmanna

Með undirritaðri og innsendri umsókn sinni um aðild að samningi þessum á sviði starfsendurhæfingar milli VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs og heilbrigðisstarfsmanna, samþykkir heilbrigðisstarfsmaður samning þennan og skuldbindur sig til að fara eftir honum í einu og öllu á meðan samningssambandið varir.

1 VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður

Hlutverk VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs (hér eftir VIRK) er að móta, samþætta og hafa eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa. VIRK starfar samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

VIRK er sjálfseignarstofnun sem að standa öll helstu samtök launafólks og atvinnurekenda á Íslandi. Nánari upplýsingar um stofnaðila má sjá á vefsíðu VIRK.

Helstu áherslur þjónustunnar eru eftirfarandi:

1. **Áhersla á þarfir einstaklinga.** Öll þjónusta og aðferðarfræði í starfsendurhæfingu skal taka mið af fjölbreyttum þörfum einstaklinga og taka tillit til andlegrar og líkamlegrar heilsu sem og félagslegra aðstæðna viðkomandi einstaklinga.
2. **Snemmbært inngrip.** Mikil áhersla er lögð á mat til að greina þarfir einstaklinga og snemmbært inngrip sem gerir þeim betur fært að viðhalda eða auka við starfshæfni sína.
3. **Virk þátttaka einstaklinga.** Einstaklingurinn tekur virkan þátt í að skipuleggja endurkomu sína til vinnu eða á vinnumarkaðinn og lögð skal áhersla á að hann sé virkur í skipulagningu og framkvæmd eigin starfsendurhæfingar.
4. **Tengsl við vinnumarkað og atvinnulíf.** Markmiðið er ávallt að einstaklingur viðhaldi ráðningarsambandi sínu eða fái starf við hæfi. Megináhersla skal lögð á endurkomu í sama starf hjá sama atvinnurekanda en ef það er ekki mögulegt þá í annað starf hjá sama atvinnurekanda. Gerð skal áætlun um endurkomu í vinnu í samstarfi við einstakling og alla hagsmunaaðila.

2 Skilgreiningar

Með **ráðgjafa** í þessum samningi er átt við ráðgjafa VIRK sem starfar hjá stéttarfélagum eða öðrum samtökum/félögum/stofnunum á grundvelli þjónustusamnings við VIRK. Hlutverk ráðgjafans er að veita einstaklingum ráðgjöf til að viðhalda og efla virkni til vinnu. Ráðgjafinn heldur utan um mál einstaklinga, er þeim til aðstoðar, hvetur þá og aðstoðar. Ráðgjafi er tengiliður einstaklinga í starfsendurhæfingarferlinu og vinnur í nánú samstarfi við sérfræðinga VIRK, utanaðkomandi sérfræðinga og þjónustuveitendur um allt land og þar með talið þá heilbrigðisstarfsmenn sem eru aðilar að þessum samningi.

Með **sérfræðingi VIRK** í þessum samningi er átt við sérfræðinga sem starfa hjá VIRK við þróun, umsjón og eftirlit með þjónustu á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar.

Með **einstaklingi** í þessum samningi er átt við þá einstaklinga sem eru í þjónustu VIRK (í starfsendurhæfingarferli) og undir handleiðslu ráðgjafa VIRK og hefur verið vísað í þjónustu til fagaðila sem eru aðilar að þessum samningi af ráðgjafa eða sérfræðingi VIRK.

Með **heilbrigðisstarfsmaður/fagaðili** í þessum samningi er átt við heilbrigðisstarfsmenn sem starfa á grundvelli starfs- eða sérfræðileysis sem útgefið er af Embætti landlæknis, s.s. félags- og fíkniráðgjafar, hjúkrunar- og næringarfræðingar, iðjubjálfar, kírópraktorar og osteopatar, að undanskildum sjúkraþjálfurum og sálfræðingum, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn, sem eru aðilar að þessum samningi í kjölfar samþykkis undirritaðrar umsóknar og tilboðs og VIRK getur keypt af þjónustu fyrir tiltekinn einstakling samkvæmt þjónustubeiðni þar um.

Með **greinargerð** (stöðumati) í þessum samningi er átt við sérstakt form sem heilbrigðisstarfsmaður skal fylla út í upplýsingakerfi VIRK skv. fyrirmælum VIRK þar um, í lok þjónustu við einstakling.

Með **umsókn** heilbrigðisstarfsmanns í þessum samningi er átt við umsókn sem heilbrigðisstarfsmaður hefur undirritað og sent VIRK þar sem hann óskar eftir aðild að þessum samningi og VIRK hefur staðfest að hafi verið samþykkt.

Með **tilboði** heilbrigðisstarfsmanns í þessum samningi er átt við það tilboð um verð sem heilbrigðisstarfsmaður gerir VIRK með umsókn sinni fyrir hvern viðtalstíma (verkeiningu) sem veittur er einstaklingum sem eru í þjónustu VIRK.

Með **þjónustubeiðni** í þessum samningi er átt við tölvupóst eða SMS úr upplýsingakerfi VIRK, frá ráðgjafa eða sérfræðingi VIRK, til heilbrigðisstarfsmanns þar sem óskað er eftir þjónustu.

Með **hópúrræði** í þessum samningi er átt við meðferðarúrræði, sem heilbrigðisstarfsmaður annast, þar sem fleiri en einn einstaklingur eru saman í þjónustutíma (viðtali/meðferð) hjá honum.

Með **upplýsingakerfi VIRK** í samningi þessum er átt við rafrænt upplýsingakerfi VIRK. Gerð er krafa um að samskipti samningsaðila og sending gagna fari fram í því kerfi. Í kerfinu er fagaðila úthlutað aðgangur að sérstöku heimasvæði (*Mínar síður*) sem aðgengilegt er með rafrænum skilríkjum. Fyrirspurnum og óskum um tæknilega aðstoð vegna kerfisins skal beint til úrræðasviðs VIRK eða á netfangið: urraedi@virk.is.

3 Markmið og tilgangur

Markmið þessa samnings er að bjóða einstaklingsbundin úrræði sem efla vinnufærni þeirra einstaklinga sem vísað er í starfsendurhæfingarþjónustu hjá heilbrigðisstarfsmanni í samræmi við hlutverk og áherslur VIRK, sbr. 1. gr. samnings þessa.

4 Gildissvið

Samningur þessi gildir þegar ráðgjafar eða sérfræðingar á vegum VIRK óska formlega eftir þjónustu þeirra heilbrigðisstarfsmanna sem samþykktir hafa verið til að starfa skv. samningi þessum. Um er að ræða þjónustu einstaklinga sem vísað er til fagaðila af hálfu VIRK með það að markmiði að auka starfsgetu viðkomandi.

Samningur þessi nær ekki til annarrar vinnu heilbrigðisstarfsmanna.

5 Aðild að samningnum og afgreiðsla umsókna

Eftir samningi þessum geta eingöngu starfað fagaðilar sem starfa á grundvelli 1. mgr. 3. gr. laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn, að undanskildum sálfræðingum og sjúkraþjálfurum, og hafa tilskilda starfsreynslu, starfsleyfi og/eða réttindi sem kveðið er á um í viðauka I. VIRK hefur gert sérsamninga við sálfræðinga og sjúkraþjálfara.

Til að fá aðild að samningi þessum þurfa áhugasamir heilbrigðisstarfsmenn að fylla út umsókn sem sækja þarf á vefsíðu VIRK (www.virk.is) og er jafnframt viðauki við samning þennan. Umsóknin skal send inn á mínar síður fagaðila í upplýsingakerfi VIRK. Tilgreina þarf tímagjald þjónustu (tilboð) og jafnframt þurfa viðeigandi gögn að fylgja umsókninni, sbr. viðauki I.

Með sama hætti geta fyrirtæki sem óska eftir að veita einstaklingsþjónustu samkvæmt samningi þessum sent inn umsókn sama efnis og sjálfstæðir heilbrigðisstarfsmenn. Í þeim tilfellum skulu erindinu þó fylgja öll viðeigandi gögn um hvern þann heilbrigðisstarfsmann sem starfar innan fyrirtækisins og munu inna þjónustuna af hendi.

Ef umsóknin uppfyllir ekki fyrrnefnd skilyrði, áskilur VIRK sér rétt til að hafna umsókninni eða að gefa heilbrigðisstarfsmanni tækifæri til að breyta umsókninni. Ef umsóknin er fullnægjandi að mati VIRK (eða hefur verið leiðrétt) er heilbrigðisstarfsmanni send staðfesting þar um innan mánaðar frá móttöku og heilbrigðisstarfsmanni síðan bætt á lista heilbrigðisstarfsmann sem VIRK hefur samþykkt og bjóða fram þjónustu sína. Telst samningur kominn á milli aðila við útgáfu þess samþykkis.

Samþykki VIRK á umsókn heilbrigðisstarfsmanns um aðild að samningi þessum felur ekki í sér skuldbindingu fyrir VIRK um kaup á þjónustu. Að því marki sem kemur til kaupa á þjónustu á grundvelli þessa samnings hefur VIRK frjálssar hendur með það til hvaða heilbrigðisstarfsmanna innan þessa samnings ráðgjafar leita á hverjum tíma, en tekið er mið bæði af verði þjónustu sem og af sérfræðisviði, reynslu, landfræðilegri staðsetningu starfsstöðvar og árangri heilbrigðisstarfsmanns. Tilvísun í þjónustu ræðst einnig af þörf einstaklinga fyrir viðkomandi þjónustu.

Heilbrigðisstarfsmenn sem starfa á grundvelli samningsins bera ábyrgð á að ofangreind gögn séu aðgengileg VIRK á *Mínum síðum* fagaðila, sem er aðgangssvæði heilbrigðisstarfsmanna í upplýsingakerfi VIRK. Jafnframt skulu heilbrigðisstarfsmenn uppfæra gögn eftir þörfum og uppfæra gögn að beiðni VIRK.

6 Innihald og framkvæmd þjónustu

Heilbrigðisstarfsmaður skal veita einstaklingi sem VIRK vísar til hans faglega þjónustu sem er í samræmi við þá þjónustubeiðni og gögn sem VIRK lætur honum í té. Þjónustan skal að öðru leiti taka mið af markmiðum og stefnu VIRK í starfsendurhæfingu þar sem megin markmiðið með þjónustunni er að einstaklingurinn geti tekið virkan þátt á vinnumarkaði.

Heilbrigðisstarfsmanni er heimilt, ef staðþjónusta er ekki möguleg eða ef þarfir einstaklingsins kalla á það að veita einstaklingum fjarheilbrigðisþjónustu í samræmi við þær reglur sem um slíka þjónustu gilda, að því tilskyldu að heilbrigðisstarfsmaður hafi afhent VIRK afrit af leyfi Embættis landlæknis fyrir slíkri starfsemi.

7 Umfang þjónustu

Í þjónustubeiðni til heilbrigðisstarfsmanna frá ráðgjafa (eða sérfræðingi) VIRK skal alltaf tiltekið umfang þjónustunnar þ.e. hvenær þjónustan á að hefjast, þjónustutímabilið og umbeðinn fjöldi viðtala. Ekki er

greitt fyrir aðra þjónustu en beðið er um samkvæmt formlegri beiðni frá ráðgjafa eða sérfræðingi VIRK. Upplýsingar um ráðgjafa og sérfræðinga hjá VIRK er að finna á heimasíðu VIRK www.virk.is. Leiti einstaklingar eða aðrir aðilar til heilbrigðisstarfsmanns í nafni VIRK ber heilbrigðisstarfsmanni að vísa viðkomandi til VIRK áður en þjónusta er veitt. Það á einnig við um ef einstaklingur í þjónustu óskar eftir áframhaldandi þjónustu heilbrigðisstarfsmanns að þjónustutímabili loknu.

Heilbrigðisstarfsmenn gefa einstaklingum upp fasta viðtalstíma og ber að gera þeim viðvart tímanlega verði breyting þar á.

Heilbrigðisstarfsmaður skal skrá mætingu einstaklings í viðtal í upplýsingakerfi VIRK að hverju viðtali loknu eða staðfesta skráningu einstaklings á viðtali þar. Aðeins er greitt fyrir viðtöl sem skráð eru og staðfest í upplýsingakerfi VIRK.

Heilbrigðisstarfsmaður skuldbindur sig til að veita einstaklingi sem beint er til hans í þjónustu með þjónustubeiðni fyrsta viðtalstíma innan 2 vikna frá dagsetningu þjónustubeiðninnar. Jafnframt skal heilbrigðisstarfsmaður leitast við að tryggja samfellu í meðferð og ljúka meðferð innan þeirra tímamarka sem farið er fram á.

Ef heilbrigðisstarfsmaður metur að þjónustubeiðnin sé ekki nægjanlega skýr, frekari upplýsingar vanti, hann treystir sér ekki til að veita umbeðna þjónustu, eða að ná henni innan tilskilins þjónustutíma, ber honum að láta þann starfsmann VIRK (ráðgjafa eða sérfræðing) sem sendi honum þjónustubeiðnina vita án tafar. Heilbrigðisstarfsmanni er jafnframt heimilt að hafna einstökum beiðnum í upplýsingakerfi VIRK.

8 Greiðsla fyrir þjónustu heilbrigðisstarfsmanna

Fyrir hvern þann einstakling sem vísað er í þjónustu til heilbrigðisstarfsmanns af hálfu ráðgjafa eða sérfræðings VIRK er greitt fyrir veitta þjónustu í samræmi við tilboð viðkomandi heilbrigðisstarfsmanns. Fjárhæð tilboðs skal koma fram í umsókn um aðild að samningi þessum sem skal fylla út í upplýsingakerfi VIRK.

Um er að ræða tilboð í eftirfarandi verkeiningu nema um annað sé sérstaklega samið og tekið fram í umsókn:

| |
|---|
| Tími fyrir einstakling í meðferð í a.m.k. 50 mín auk undirbúnings og frágangs í tengslum við meðferðina. Áherslur í meðferð skulu taka mið af formlegri beiðni ráðgjafa sem og innihaldi þessa samnings. |
|---|

Tilboð heilbrigðisstarfsmanns í hvern viðtalstíma (verkeiningu) er heildargreiðsla og innifelur þjónustu, samskipti við ráðgjafa, aðstöðu, öll gögn, tól og tæki ofl. sem þeir kunna að notast við í þjónustu sinni.

Ef ráðgjafi eða sérfræðingur VIRK fer fram á að heilbrigðisstarfsmaður skili greinargerð skv. 13. gr. þessa samnings í lok þjónustutíma þá er sérstaklega greitt fyrir hana gjald sem samsvarar hálfum viðtalstíma (verkeiningu).

Um verð fyrir þjónustu við einstaklinga í formi hópúrræða skal samið sérstaklega hverju sinni.

Heilbrigðisstarfsmanni sem aðild á að þessum samningi er heimilt að breyta tilboði sínu á samningstíma en skal þá tilkynna VIRK um það formlega með 1 mánaðar fyrirvara með því að senda inn nýja umsókn skv. 5. gr. samningsins. Tilkynni heilbrigðisstarfsmaður VIRK um hækkun á tilboði sínu skuldbindur hann sig til að ljúka meðferð þeirra einstaklinga sem hafið hafa þjónustu hjá honum á því verði sem í gildi var þegar óskað var eftir þjónustunni.

VIRK greiðir heilbrigðisstarfsmanni einungis fyrir þá tíma sem einstaklingur hefur mætt í hjá viðkomandi heilbrigðisstarfsmanni (sbr. 7. gr. samningsins og skráning í upplýsingakerfi VIRK) og tekur ekki ábyrgð á því ef einstaklingur mætir ekki í boðað viðtal.

Mæti einstaklingur ekki í boðað viðtal án þess að afboða sig tímanlega, er heilbrigðisstarfsmanni heimilt, kjósi hann að gera það, að krefja einstakling um greiðslu fyrir þann viðtalstíma. Skilyrði fyrir því er þó að heilbrigðisstarfsmaður geri samning við einstaklinginn þess efnis við upphaf þjónustu og geri honum ljóst að boði hann ekki forföll skuldbindi hann sig til að bera persónulega ábyrgð á greiðslu gagnvart heilbrigðisstarfsmanni.

Heilbrigðisstarfsmanni er að öðru leyti óheimilt að innheimta nokkurt gjald af einstaklingum sem vísað er til hans af VIRK án undangengins skriflegs samkomulags um slíkt við VIRK. Forföll einstaklinga skulu skráð í upplýsingakerfi VIRK.

Reikningar heilbrigðisstarfsmanns vegna þjónustunnar skulu útbúnir mánaðarlega fyrir nýliðinn mánuð og þurfa að hafa borist fyrir 15. hvers mánaðar og greiðast þá innan 15 daga frá móttöku ef ekki eru gerðar athugasemdir. Þeir skulu stílaðir á:

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður

Borgartúni 18,
105 Reykjavík

(kennitala VIRK er: 440608-0510)

Reikningarnir skulu uppfylla skilyrði um form og efni sölureikninga og innihalda kennitölu og bankaupplýsingar heilbrigðisstarfsmanns. Með reikningum skal fylgja yfirlit yfir mætingar úr upplýsingakerfi VIRK, þar sem tilgreint er málsnúmer einstaklings, pöntunarnúmer og aðrar upplýsingar um þjónustu sem innt hefur verið af hendi.

Pöntuð greinargerð skv. 13. gr. þessa samnings skal hafa borist áður en síðasti reikningur er kominn á gjalddaga. Ef í ljós kemur að reikningur er ekki réttur miðað við fyrirbyggjandi beiðni um þjónustu eða að gögn samkvæmt þessum samningi hafa ekki verið afhent þá er VIRK heimilt að halda eftir greiðslu þar til úr því hefur verið bætt.

9 Hópúrræði

Hafi heilbrigðisstarfsmaður með umsókn sinni lýst sig reiðubúinn til að veita einstaklingum þjónustu í formi hópúrræða, getur VIRK, eftir því sem tilefni er til, haft samband við heilbrigðisstarfsmann og kannað hvort hann geti tekið að sér að veita þá þjónustu sem VIRK leitar eftir.

Skulu aðilar þá semja sérstaklega um verð fyrir þá þjónustu m.t.t. fjölda einstaklinga og umfangs áður en veiting þjónustu hefst. Um þjónustu fyrir einstaklinga í hópúrræðum skal samningur þessi gilda að öðru leyti.

10 Kröfur, ábyrgð, tryggingar og starfsleyfi

Heilbrigðisstarfsmaður sem óskar eftir aðild að samningi þessum skal uppfylla allar opinberar kröfur um faglega þjónustu, rekstur og eftirlit og hafa þá fagþekkingu og þau leyfi og réttindi sem krafist er af viðkomandi starfsemi í samræmi við þau lög sem eiga við.

Starfsstöð heilbrigðisstarfsmanns skulu uppfylla almennar kröfur um aðbúnað og aðgengi, hafa góða loftræstingu og lýsingu og vera með aðgang að salerni. Heilbrigðisstarfsmaður skal tilkynna VIRK á hvaða tíma þjónusta þeirra stendur einstaklingum til boða. Þeir skulu einnig tilkynna VIRK um mögulegar breytingar á staðsetningu starfsstöðvar.

Heilbrigðisstarfsmaður ber sjálfur allan kostnað af matstækjum, spurningalistum og öðrum gögnum eða hlutum sem þeir kunna að nota í sinni meðferð.

Heilbrigðisstarfsmaður ber eftir almennum réttarreglum skaðabótaábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn á hans vegum valda. Auk þess ber heilbrigðisstarfsmaður ábyrgð á tjóni, sem hlýst af ágalla á tækjum hans, sbr. lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991. Hann skal jafnframt hafa allar lögboðnar tryggingar sem eiga við um þá starfsemi sem hann rekur s.s. sjúklingatryggingu.

Komi að mati VIRK í ljós verulegur misbrestur á því að heilbrigðisstarfsmaður uppfylli skyldur sínar og gæðakröfur skv. samningi þessum veitir það VIRK heimild til að rifta samningi við viðkomandi heilbrigðisstarfsmann og heimta bætur vegna fjártjóns. Það sama gildir ef heilbrigðisstarfsmaður eða starfsmenn hans hafa gerst sekir um brot gegn almennum hegningarlögum eða refsíákvæðum sérlaga.

Komi til vanefnda skulu almennar reglur kröfurettar, samningaréttar og skaðabótaréttar gilda um samning þennan að öðru leyti en því er greinir sérstaklega á um í ákvæðum hans.

11 Framsal á réttindum eða skyldum

Heilbrigðisstarfsmanni er með öllu óheimilt að veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum. Jafnframt er honum óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningi þessum eða fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum hans, að hluta eða öllu leyti nema með skriflegu samþykki VIRK. Á það einnig við aðstoðarmenn eða nema sem kunna að starfa á vegum heilbrigðisstarfsmanns. Sé slík heimild veitt, breytast í engu skyldur heilbrigðisstarfsmanns gagnvart VIRK.

12 Þagnarskylda og trúnaður

Heilbrigðisstarfsmaður sinnir trúnaðar- og ábyrgðarverkefnum að beiðni VIRK. Heilbrigðisstarfsmanni ber að meðhöndla allar upplýsingar, skjöl og gögn, sem þeir hafa aðgang að af fyllsta trúnaði. Trúnaður þessi gildir áfram eftir lok samningstímabilsins.

Heilbrigðisstarfsmaður lýsir því yfir að hann muni virða þagnarskyldu þá sem á honum hvílir samkvæmt þeim lögum og siðareglum sem um starf hans gilda. Heilbrigðisstarfsmanni ber skylda til að meðhöndla allar upplýsingar, skjöl og gögn sem hann fær aðgang að vegna þessa samnings af fyllsta trúnaði og gæta þess að enginn óviðkomandi komist yfir þær.

Þrátt fyrir að samningur þessi beri með sér skrifleg fyrirmæli til VIRK telst heilbrigðisstarfsmaður ábyrgðaraðili við vinnslu persónuupplýsinga um þátttakendur í skilningi 6. tl. 3. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. VIRK telst jafnframt ábyrgðaraðili í skilningi sama ákvæðis vegna þeirra persónuupplýsinga sem skráðar eru í upplýsingatækni kerfi sjóðsins. Er því ekki þörf á gerð sérstaks vinnslusamnings vegna þjónustukaupanna heldur ber hvor samningsaðili um sig ábyrgð á að vinnslan samrýmist ákvæðum laganna.

Heilbrigðisstarfsmaður skal sjá til þess að aðeins þeir starfsmenn hans sem nauðsynlega þurfa að hafa aðgang að upplýsingum um einstaklinga í þjónustu hafi slíkan aðgang og aðeins að því marki sem nauðsynlegt er til að veita þá þjónustu sem veitt er. Heilbrigðisstarfsmaður skal tryggja að vinnsla upplýsinga og skráningar í upplýsingatækni kerfi VIRK séu ætíð í samræmi við lög, samning þennan og tilgang þjónustunnar. Framangreint dregur þó ekki úr skyldu VIRK til að tryggja að krafa um skráningu

á upplýsingum í upplýsingatæknikerfi sjóðsins eigi sér stoð í og sé í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018.

Í þeim tilfellum sem stofnaður er aðgangur fyrir fyrirtæki í eigu heilbrigðisstarfsmanna eða önnur fyrirtæki sem óska eftir að veita einstaklingsþjónustu á grundvelli samningsins ber fyrirsvarsmáður viðkomandi lögaðila ábyrgð á fyrirtækjaaðgangi að upplýsingakerfi VIRK. Aðgengi heilbrigðisstarfsmanna að þeim fyrirtækjaaðgangi er á ábyrgð fyrirsvarsmanns fyrirtækisins og ber þeim skylda til að gæta að því að ekki sé fleirum innan fyrirtækisins veittur tengiliðaaðgangur fyrir fyrirtækið en nauðsyn krefur innanhúss til að taka við beiðnum og vísa í viðeigandi farveg hjá heilbrigðisstarfsmanni.

Heilbrigðisstarfsmaður skal viðhafa viðeigandi og fullnægjandi öryggisráðstafanir til að tryggja nægilega öryggi persónuupplýsinga í starfsemi sinni og vernda þær gegn ólöglegri eyðileggingu. Heilbrigðisstarfsmaður skal tilkynna VIRK án tafar um öryggisbrot við meðferð persónuupplýsinga á grundvelli þessa samnings. Ef um öryggisbrot er að ræða sem þjónustusali ber ábyrgð á skal hann jafnframt ganga úr skugga um að tilkynningarskylda til Persónuverndar og hinna skráðu samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2018 sé uppfyllt.

VIRK skal eiga rétt á upplýsingum frá heilbrigðisstarfsmanni um meðferð hans á persónuupplýsingum í tengslum við þjónustu við einstaklinga sem VIRK vísar þangað. Jafnframt skal VIRK heimill aðgangur að gögnum í þeim tilgangi að afla upplýsinga og skýringa á vinnslu persónuupplýsinga í starfsemi heilbrigðisstarfsmanns og sannreyna að vinnslan samræmist persónuverndarlögum og öðrum lögum og reglum sem um þjónustuna gilda.

Heilbrigðisstarfsmaður skal bregðast við erindum skráðra einstaklinga vegna réttinda þeirra samkvæmt lögum um persónuvernd en leiðbeina skráðum einstaklingi að beina fyrirspurn sinni til persónuverndarfulltrúa VIRK ef erindið snýr að vinnslu sem heilbrigðisstarfsmaður telur á ábyrgð VIRK. Í vafatilvikum skulu samningsaðilar hafa með sér samráð um hvernig erindum skuli svarað.

Hvor samningsaðili um sig skal, sem ábyrgðaraðili við vinnslu persónuupplýsinga, upplýsa þátttakendur um vinnsluna, og kalla eftir samþykki þar sem við á, í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018.

Við samningslok mun VIRK sem ábyrgðaraðili loka á aðgang heilbrigðisstarfsmanns að upplýsingatæknikerfi sjóðsins, jafnframt mun VIRK eftir atvikum loka á aðgang heilbrigðisstarfsmanns að upplýsingum um einstaklinga í þjónustu eftir að þjónustu við viðkomandi einstakling er lokið. Heilbrigðisstarfsmaður, sem ábyrgðaraðili þeirra gagna sem finna má í skráum hans, ber að ganga úr skugga um að sú vinnsla og varðveisla samrýmist ákvæðum laga nr. 90/2018, sem og ákvæðum laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár, laga nr. 14/1997 réttindi sjúklinga eða annara laga og reglna sem um vinnsluna kunna að gilda. Jafnframt ber heilbrigðisstarfsmanni að hafa í gildi verklag sem tryggir að starfsmenn eða aðrir á hans vegum vinni ekki upplýsingar um einstaklinga í þjónustu án skýrrar lagaheimildar þ.m.t. með varðveislu gagna og upplýsinga eftir að þjónustu er lokið.

Brot á trúnaði, ákvæðum laga um meðferð persónuupplýsinga og þagnarskyldu getur leitt til fyrirvaralausrar riftunar á þjónustusamningi.

13 Skýrslur, eftirlit og árangur

Heilbrigðisstarfsmaður skuldbindur sig til að skila greinargerð til ráðgjafa VIRK í lok þjónustu, berist um það pöntun. Greinargerð skal berast ráðgjafa VIRK eigi síðar en 5 virkum dögum frá því að einstaklingsmeðferð lýkur. Heilbrigðisstarfsmaður skal fylla út greinargerð í upplýsingakerfi VIRK í samræmi við leiðbeiningar þar um.

Sé mætingu eða ástundun einstaklingsins ábótavant eða ef hún er ekki eins og áætlun gerir ráð fyrir (fer niður fyrir 80%) ber heilbrigðisstarfsmanni að tilkynna það til ráðgjafa tafarlaust með skilaboðum í upplýsingakerfi VIRK. Tilkynningarskylda þessa gildir jafnt um einstaklingsmeðferð og hópameðferð.

Ráðgjafinn mun í framhaldinu ræða endurskoðun starfsendurhæfingaráætlunar við einstaklinginn og meta hvort ástæða sé til að hætta að veita einstaklingi þjónustuna. Ákvörðunarvald um hvort þjónustu skuli framhaldið er á hendi VIRK og er heilbrigðisstarfsmanni óheimilt að vísa einstaklingi úr þjónustu VIRK.

Ráðgjafar og sérfræðingar VIRK, fulltrúar þeirra eða opinberir eftirlitsaðilar munu hafa eftirlit með þjónustu heilbrigðisstarfsmanns og skal heilbrigðisstarfsmaður afhenda þeim upplýsingar um þjónustu, árangur og skipulag þegar óskað er eftir slíkum upplýsingum. Eftirlitið miðar m.a. að því að tryggja að tegund þjónustu, magn, gæði, kostnaður og árangur sé í samræmi við samning aðila og lýsingar heilbrigðisstarfsmanns á gæðum og árangri í þjónustu og eru nauðsynlegar vegna greiðslna skv. þessum samningi. Eftirlitið getur m.a. falið í heimsókn á starfsstöð heilbrigðisstarfsmanns. Heilbrigðisstarfsmanni er skylt að veita ráðgjöfum og sérfræðingum VIRK þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna greiðslna skv. þessum samningi og vegna eftirlitshlutverks VIRK.

14 Ágreiningur

Rísi ágreiningur vegna framkvæmdar samningsins eða einstaka samningsákvæða og túlkunar á þeim skuldbinda aðilar samnings þessa sig til að leita allra leiða til að leysa ágreining innbyrðis. Reynist nauðsynlegt að reka mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

15 Gildistími og uppsögn

Samningur þessi er ótímabundinn og tekur gildi gagnvart einstaka heilbrigðisstarfsmanni frá þeim degi sem umsókn er staðfest. Samningurinn gengur fram og kemur að öllu leyti í stað fyrri samninga VIRK við þá heilbrigðisstarfsmenn sem hann tekur til.

VIRK er heimilt að segja samningnum upp með 3 mánaða fyrirvara. VIRK áskilur sér rétt til og er heimilt að breyta einhliða ákvæðum þessa samnings en skal tilkynna samningsaðilum um það með þriggja mánaða fyrirvara.

Heilbrigðisstarfsmaður, sem ekki vill lengur starfa samkvæmt þessum samningi, skal tilkynna það skriflega til VIRK með 1 mánaðar fyrirvara miðað við mánaðarmót. Segi heilbrigðisstarfsmaður upp samningi þessum er hann þó skuldbundinn til að ljúka meðferð þeirra einstaklinga sem hafið hafa þjónustu hjá honum á grundvelli samþykktis tilboðs, óski VIRK eftir því.

VIRK er heimilt að segja samningi þessum upp gagnvart einstökum heilbrigðisstarfsmönnum með þriggja mánaða fyrirvara.

Reykjavík, 16. nóvember 2022

F.h. VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs



Vigdís Jónsdóttir,
framkvæmdastjóri

VIÐAUKI I

Hæfniskröfur og nauðsynleg fylgigögn

Eftir samningi þessum geta eingöngu starfað fagaðilar sem starfa á grundvelli 1. mgr. 3. gr. laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn, að undanskildum sálfræðingum og sjúkraþjálfurum, og hafa tilskilda starfsreynslu, starfsleyfi og/eða réttindi. VIRK kaupir einungis þjónustu sem flokkast getur sem hluti af formlegri starfsendurhæfingu og veitt er af fagaðilum með tilskilin réttindi enda er um viðkvæma þjónustu að ræða.

Umsókn heilbrigðisstarfsmanns skal tilgreina tímagjald þjónustu. Auk framangreinds skulu með hverri umsókn að lágmarki berast eftirfarandi gögn og upplýsingar, en breytilegar kröfur eru gerðar til fagaðila eftir fagsviði.

ATH. Ef heilbrigðisstarfsmaður hyggst bjóða upp á fjarheilbrigðisþjónustu þarf að hann að sækja um slíkt leyfi hjá landlækni. Staðfestingunni frá landlækni er hlaðið inn undir „gögn“ á mínum síðum þjónustuaðila í upplýsingakerfi VIRK.

Félagsráðgjafar

- Starfsleyfi sem félagsráðgjafi frá Embætti landlæknis.
- Ferilskrá og staðfesting á námi (löggilding, prófskírteini).

Hjúkrunarfræðingar

- Starfsleyfi frá embætti Landslæknis.
- Að lágmarki 2 ára starfsreynsla sem hjúkrunarfræðingur.
- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfsendurhæfingu.
- Ferilskrá og staðfesting á námi (löggilding, prófskírteini).

Kírópraktorar

- Starfsleyfi frá Embætti landlæknis.
- Ferilskrá og staðfesting á námi (löggilding, prófskírteini).

Osteopatar

- Starfsleyfi frá Embætti landlæknis.
- Ferilskrá og staðfesting á námi (löggilding, prófskírteini).

Fíkniráðgjafar

- Starfsleyfi sem áfengis- og vímuvarnar-ráðgjafi frá Embætti landlæknis.
- Ferilskrá og staðfesting á námi (löggilding, prófskírteini).

Iðjupjálfar

- Starfsleyfi sem iðjupjálfi frá Embætti landlæknis.
- Ferilskrá og staðfesting á námi (prófskírteini).

Næringarfræðingar

- Starfsleyfi sem næringarfræðingur eða næringarráðgjafi frá Embætti landlæknis.
- Ferilskrá og staðfesting á námi (prófskírteini).

VIRK áskilur sér allan rétt til þess að krefjast frekari gagna og upplýsinga frá umsækjanda en fram kemur í þessum viðauka.